

Kynjastjórnsmál og grýlugrimmd. "Mee-too"

"Me-too" flóðbylgjurnar skella víða á ströndum. "Undir niðri" í Ástralíu – eins á Íslandi, austan hafs og vestan – hafa nafntogaðir karlar í sviðslistum háð baráttu fyrir lífi sínu. Þekktastur er trúlega snillingurinn, Jeffrey Roy Rush (f. 1951) í þrenningunni, sem hér er fjallað um.

Við æfingar á "Lear konungi" í Sídney ásakaði hin iðilfagra Eryn-Jean Norvill snillinginn um að hafa snert sig dólglega. Dagblaðið „Daily Telegraph“ greip boltann á lofti og flutti fréttir af kynferðislegu ofbeldi Jeffrey, sem brást hinn vesti við og höfðaði ærumeiðingarmál gegn fjölmiðlinum. Ummælin voru dæmd dauð og ómerk. Honum voru dæmdar svimandi háar skaðabætur. Áfrýjun „Daily Telegraph“ var vísað frá.

Það var einnig gerð hörð hríð að leikaranum, kvikmyndaframleiðandanum og – leikstjóranum, John Garrett (f. 1952). Hann varð fórnarlamb kunnuglegrar fléttu. Tæplega hálftrar aldar gömul ástmær kærði hann fyrir nauðgun. John var sýkn fundinn. En „Daily Telegraph“ óð elginn, eftir sem áður, og staðhæði, að leikarinn hefði komist upp með nauðgun. John höfðaði mál. Málið kom þó ekki fyrir dóm, en fjölmiðillinn baðst opinberlega afsökunar.

Craig Dougall McLachlan (f. 1965) er sá yngsti, sem vegið var að. Um mál hans er fjallað í hjálagðri heimildarfréttaskýringu. Craig lék aðalhlutverði í „Rocky Horror Show“ við uppfærslu í Sídney. Hann var ákærður fyrir kynferðislega ósiðlegt athæfi, m.a. að hafa kysst kvenkyns meðleikara og faðmað konu aðra með beinstífan besefa innan klæða, svo henni varð um og ó. Fjórar konur stigu á stökk (eins og þegar Harry Weinstein var dæmdur eða öllu heldur, að dómur götunnar og fjölmiðla var staðfestur í réttarsalnum). Ákærurnar voru samtals í þrettán liðum. Eftir þriggja ára málavafstur var Craig sýknaður af öllum ákærum.

Í nefndri heimildafréttaskýringu er því lýst, hvernig ABC (Australian Broadcasting Corporation, RÚV þeirra undir niðri) tekur höndum saman við ámóta vandaðan miðil, Fairfax, og í anda „mee-too“ semur harmleikinn, leitar upp tilkippilegar konur sem aðalleikendur og stjórnar sýningunni. Þessi aðferð er kunn frá réttarhöldum í BNA t.d. og hefur reynst óbrigðul til framdráttar.

Kvensneypurnar æfðu hlutverkin vel, áður en sýningin hófst. Leikstjórinn lagði m.a. mikla áherslu á orð eins og kynrándýr (predator) í framburði þeirra. Einnig skyldu þær skýra svo frá, að áhrifavald hans hefði verið ógnvænlegt og kúgandi. Fram kemur líka greinilega, að eitt markmiðanna með árásinni væri að taka frá Craig vinnuna. Dómaranum, Belinda Wallington, þótti greinilega miður að geta ekki sakfelld Craig. Hún sagði m.a.:

„Það tókst ekki að telja mér trú um, að samráð (collusion) hefði átt sér stað milli sakarábera. [Eins og vitað er að átti sér stað í Harvey Weinstein málinu.] Ég félst ekki á, að færðar hefðu verið sönnur á, að tilhvöt væri að slíku og að ákæru hefðu verið fram bornar vegna framavona eða þvíumlíks.“ Þvert á móti lét hún fara frá sér kunna lummy um að konurnar væru „huguð og heiðarleg vitni.“ Aftur á móti lýsti hún því yfir, að Craig sýndi gervitilfinningar.

Það er huggun harmi gegn, að stundum skuli dómstólar spyrna gegn sleggjudómum og múgsefjun. En það er þó eitt og annað, sem gæti bent til aukandi kvenræðis þar eins og í stjórnsýslunni. Löggjafarvaldið, sem hefur lögfest þá bábylju, að konur séu fórnarlömb karla, syngur bakrödd í þessum og fleiri mannorðs- og réttarmorðum. Valdhafar, sbr. núverandi kvenfrelsunarríkisstjórn, sé litið til Íslands, sem hefur gert „mee-too“ bylgjurnar (eða byltingarnar eins og RÚV orðar það) að nokkurs konar stjórnarstefnu, ber skýra ábyrgð. Á þeim bæ er lokið lofsorði á allar hetjulegu, heiðarlegu konurnar, sem stíga á stökk og færa fram kærur, flestar til þess að klekkja á útvöldum körlum. Þær fá vind í seglin og það blæs byrlega á siglingunni til framtíðarlandsins.

https://www.skynews.com.au/details/_6255359083001